

EFNISTAKA ÚR HÖRGÁ Í HÖRGÁRDAL

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur áform Hörgár sf. jákvæð, sem fela í sér að landeigendur sameinast um að vinna sameiginlega að rofvrörnum og efnistöku. Slíkt er mikilvægt til að hafa yfirsýn yfir svæðið í heild sinni ekki síst í ljósi þess að efnistaka úr árfarvegum kann að hafa áhrif langt út fyrir einstaka stað þar sem efni er tekið.

Engu að síður er ljóst að Hörgá mun að einhverju leyti fara sínu fram þó svo að reynt verði að hafa áhrif á það með efnistöku hvar farvegir hennar liggi. Þó svo að efnistaka fari fram utan veiðitíma þá er það ekki trygging fyrir því að svæði til hrygningar og fæðuöflunar verði jafn gæfuleg og áður. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdanna á lífríki Hörgár sé háð óvissu. Skipulagsstofnun telur að til að lífríki árinna verði fyrir sem minnstum skaða þá sé nauðsynlegt að ráðfæra sig við fiskifræðinga um tilhögun og áfangaskiptingu líkt og Veiðimálastofnun benti á og vitnað er til í matsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur mjög áriðandi að ekki skapist hætta á því að vatnsból spillist ef olíuslys á sér stað þegar unnið er á verndarsvæðum þeirra. Skipulagsstofnun telur að gangi það verlag og þær varúðarráðstafanir eftir sem Hörgá sf. boðar í matsskýrslu þá séu líkur til þess að efnistakan hafi óveruleg áhrif á neysluvatn.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í aðalskipulagi Hörgársveitar verði tekið á efnistöku í Hörgá með heildstæðum hætti og það notað til að leggja línurnar um skipulag efnistöku í og við ána. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að verði breytingar á staðsetningu efnistökusvæða, magni sem á að fjarlægja á hverju svæði eða tímaáætlunum þarf að tilkynna um slíkar breytingar til Skipulagsstofnunar og kanna hvort þær kalli á sérstaka málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 3. febrúar 2015 sendi UMÍS ehf. Environice f.h. Hörgár sf., frummatsskýrslu um allt að 795.000 m³ efnistöku úr áreyrum og árfarvegi Hörgár í Hörgársveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 11. febrúar 2015 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Dagskránni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 12. febrúar til 26. mars 2015 á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.umis.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hörgársveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun ein athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdirnar til framkvæmdaraðila.

Þann 20. apríl 2015 sendi Umís ehf. Environice f.h. Hörgár sf. matsskýrslu allt að 795.000 m³ efnistöku úr áreyrum og árfarvegi Hörgár í Hörgársveit til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Hörgá á Hörgárdal, efnistaka. Hörgá sf. Environice. Janúar 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Hörgársveit með tölvupósti dags. 26. mars 2015.
- Fiskistofu með bréfi dags. 11. mars 2015.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 6. mars 2015.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 2. mars 2015.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 26. febrúar 2015.
- Orkustofnun með bréfi dags. 16. febrúar 2015.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. febrúar 2015.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 23. febrúar 2015.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 5. mars 2015.

Athugasemdir bárust frá:

- Hæðargarði ehf., eiganda Krossastaða, með tölvupósti dags. 26. mars 2015.
- Athugasemd barst frá Landsneti eftir að kynningartíma lauk, dags. 30. apríl 2015.

Matsskýrsla: Hörgá á Hörgárdal, efnistaka. Hörgá sf. Environice. Apríl 2015.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Framkvæmdin felst í allt að 795.000 m³ efnistöku á átta efnistökusvæðum í Hörgá og hliðarám hennar á næstu 20 árum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að sporna við landbroti af völdum Hörgár. Fram kemur að ekki verði sótt um framkvæmdaleyfi fyrir öllum efnistökusvæðunum á sama tíma. Árlega sé áætlað að meta stöðu verkefnisins með tilliti til rennslis árinna og landbrots og vinna áætlanir um efnistöku næsta tímabils.

Fram kemur að árið 2013 hafi verið stofnað sameignarfélagið Hörgá. Markmið sameignarfélagsins er að minnka líkur á landbroti sem veldur skemmdum á mannvirkjum og löndum við bakka Hörgár og þveráa hennar og um leið að stuðla að sjálfbærri nýtingu jarðefna með sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Þeir sem eru gjaldgengir í félagið eru landeigendur sem eiga land að Hörgá eða fulltrúar þeirra. Ekki eru allir landeigendur að Hörgá í félaginu. Markmiði sínu hyggst sameignarfélagið ná með því að vinna, fyrir hönd landeigenda við Hörgá og þveráa hennar, umhverfismat fyrir efnistöku. Efnistaka er áætluð á átta svæðum í ánni, svæði sem eru tilgreind sem efnistökusvæði í drögum að Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem er í vinnslu. Ekki er um um að ræða önnur áform um efnistöku í Hörgá í drögum aðalskipulagsins. Sameignarfélagið er því framkvæmdaraðili að allri áformaðri efnistöku úr Hörgá og þverám hennar. Áætlað er að vinna alls 795.000 m³ af efni á næstu 20 árum. Þar sem endurnýjun efnis er nokkuð hröð vegna framburðar, gæti komið til aukin efnistaka. Efnið er mól sem hentar vel til vega- og mannvirkjagerðar. Jarðmyndanir þær sem efni er unnið úr eru eyrar Hörgár og þveráa hennar og árbotn. Stór hluti framkvæmdasvæðis er á vatnsverndarsvæði.

Hörgá er dragá sem ber mikinn framburð. Hún flæmist um ársléttuna og flóð í henni eru algeng. Mikið malarefni hefur safnast í farveg Hörgár og landbrot á bökkum verið mikið á ákveðnum svæðum við ána. Áætlað er að hefja skipulagða efnistöku á þeim svæðum í ánni þar sem mest er þörf á að skapa pláss fyrir flóðvatn í farveginum með það að markmiði að draga úr bakkarofi og þar með þörf fyrir annars konar og mjög kostnaðarsamar bakkavarnir s.s. grjótvörn. Með farvegastjórnun er talið mögulegt að verja landbúnaðarland, mannvirki og fornminjar. Framkvæmdin samræmist skilmálum í drögum að aðalskipulagi um að forsendur fyrir efnistöku úr ánni byggi á sameiginlegri áætlun og mati á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í öllu vatnakerfinu. Innan framkvæmdarsvæðis eru efnistökusvæðin sem tilgreind eru svo í drögum að Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024: E-2, E-4, E-6, E-7, E-8, E-9, E-10 og E-11. Sömu númer eru notuð í matsskýrslu og drögum að aðalskipulagi.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í aðalatriðum í sér:

- Efnistöku á efnistökusvæðum á tímabilinu 1. október til 30. apríl ár hvert.
- Flutning efnis frá efnistökusvæði á geymslusvæði.
- Flutning efnis frá geymslusvæði á notkunarstað.

Gert er ráð fyrir að fyrst verði efnistökusvæði afmarkað með höftum eða stíflum úr malarefni til að bægja rennsli árinna frá framkvæmdasvæðinu. Efninu verði mokað upp með ýtum, gröfum eða hjólaskóflum. Ekki er hægt að tiltaka nákvæmlega hversu djúpt efni er tekið á hverju efnistökusvæði. Eins og áður hefur komið fram er megin markmiðið með efnistökunni að halda árfarvegi nægjanlega víðum til að áin flæmist ekki uppúr honum og eyðileggi mannvirki og landbúnaðarland. Gert er ráð fyrir að áætlað dýpi, notkun efnis og nákvæmari starfsemi verði skilgreind nánar í umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir hvert framkvæmdasvæði fyrir sig. Fjöldi tækja að störfum hverju sinni verður mismunandi og fari eftir aðstæðum hverju sinni.

Gert er ráð fyrir haugsetningu efnis í flestum tilvikum á geymslusvæðum. Efni sem mokað er uppúr farvegi og úr áreyrum er gegnsósa af vatni og því þarf að geyma það í einhvern tíma í haug til að vatnið renni úr.

Efnistökuhaugar verða staðsettir á hentugasta stað í nágrenni við hvert efnistökusvæði, en þó nægilega fjarri til að áin sópi haugnum ekki aftur í farveginn í hverju smávægilugu flóði.

Reynt verður að staðsetja hauga þar sem minnst er hættu á að fok úr þeim valdi óþægindum eða neikvæðum áhrifum á íbúa eða vegfarendur.

Geymslutími á hverjum haug ræðst af þörfinni á að taka efni úr ánni á hverju svæði sem og eftirspurn eftir efni. Hér þarf að gera ráð fyrir því að framkvæmdaraðili geti brugðist við breytingum í ánni jafnvel þótt ekki sé búið að selja efnið og því geta efnishaugar verið mismunandi lengi á hverju framkvæmdasvæði.

Ef efni á tilteknu framkvæmdasvæði er malað þá er það flokkað og malað í nágrenni við viðkomandi geymslusvæði. Gæði efnis og áætluð notkun þess á hverjum tíma ræður því.

Efnistökusvæði E-2. Svæðið er neðan brúar á Ólafsfjarðarvegi (nr. 82) og nær u.þ.b. 3 kílómetra niður eftir ánni. Jarðirnar Hlaðir og Möðruvellir eiga land að ánni á þessum kafla. Samkvæmt mælingum er 88% botnsins á þessu svæði möl eða smágrýti sem er hentugasta botngerð fyrir bleikjuseiði. Svæðið er ekki á vatnsverndarsvæði. Á þessu svæði eru farvegabreytingar frekar sjaldgæfar, svæðið er flatt og við ána er efnisgerðin að mestu fínn sandur og leir og er áætlað að taka mest efni úr áreyrum og árfarvegi. Með því er áætlað að flytja til meginfarveg árinnar sem nú liggur að ræktarlandi vestan árinnar. Landbrot er nokkuð en ekki er talið að hér sé mikið magn vinnanlegs efnis, þar sem nokkuð er um sandeyrar. Alls er áætluð efnistaka á þessu svæði 45.000 m³. Megin aðkomuleið að efnistökusvæði er í gegnum land Hlaðna á slóða sem þegar er til staðar og nær að árbakka við ána.

Efnistökusvæði E-4. Svæðið nær frá Djúpárbakka að Laugalandi, er u.þ.b. 2,5 km langt og tilheyrir jörðunum: Litla Dunhaga, Stóra Dunhaga, Laugalandi, Grjótgarði, Djúpárbakka og Björgum. Samkvæmt mælingum er 81% botnsins á þessu svæði möl eða smágrýti sem er hentugasta botngerð fyrir bleikjuseiði. Svæðið er ekki á vatnsverndarsvæði.

Hér er áætlað að taka 65.000 m³ efnis úr svæði sem telst heppilegt til malarnáms, er til að mynda á efnismiklum eyrum rétt norðan við Laugalands þar sem farvegur Hörgár virðist vera mjög ungur og stutt síðan áin yfirgaf eldri og bugðóttan farveg (Síkið) sem hlykkjast um túnin vestan megin í dalnum og lagðist undir bakkana austan megin.

Á svæðinu er áætlað að taka efni úr áreyrum og farvegi. Nokkuð hefur verið um landbrot og grjótvarnir verið reistar á nokkrum stöðum. Áætlað er að móta árfarveginn til að minnka líkur á landbroti. Árfarvegurinn er undir háum bökkum austan megin á flatrí grasi gróinni ársléttu þar sem eru víðáttumikil tún. Vestan megin eru síki sem eru ummerki um forna farvegi árinnar. Í flóðum getur vatn komist í gömlu farvegina og sums staðar er áin smám saman að grafa sér leið inn í þá og valdið skemmdum eyðileggingu á ræktuðu landi. Megin aðkomuleiðir að efnistökusvæði er í gegnum land Laugalands og Grjótgarðs á slóðum sem þegar eru til staðar.

Efnistökusvæði E-6. Svæðið er í árfarvegi frá Laugalandi að Vöglum, u.þ.b. 2,2 km. Þetta svæði er á malarsvæði og er í löndum jarðanna Krossastaða, Laugalands, Auðbrekku og Hólkots. Áætlað er að taka 85.000 m³ á svæði sem er á jaðri grannsvæðisverndar vatnsbóla.

Á þessu svæði hefur á undanförunum árum verið mjög mikið bakkarof og farvegur árinnar breytist reglulega. Hér hafa landeigendur reynt ýmsar leiðir til að draga úr flóðahættu og landbroti. Efni verður tekið að mestu úr áreyrum en aðkoma að svæðinu í er landi Krossastaða á vegslóða sem fyrir er en hugsanlega þarfnast hann einhverra endurbóta.

Efnistökusvæði E-7. Svæðið sem tilheyrir jörðunum Bláteigi, Brakanda, Fornhaga og Dagverðartungu er í árfarvegi frá Vöglum að Syðri – Tunguá, u.þ.b. 2 km langt. Er áætlað að

taka 15.000 m³ efnis á þessu svæði úr árfarvegi og eyrum. Aurkeilur Ytri- og Syðri Tunguár hafa stækkað mjög á umliðnum öldum og hefur framburður Tunguánna sveigt Hörgá til austurs á þessu svæði og áin flæmst yfir og étið úr Vaglaeyrum. Svæðið er á grannsvæði vatnsverndar og mjög nálægt borholum á Vaglaeyrum. Þar hafa verið reistar nokkuð umfangsmiklar grjótvarnir sem valda því að farvegurinn er nokkuð stöðugur á þessu svæði. Því er ekki gert ráð fyrir mikilli efnistöku á þessu svæði. Aðkoma er í landi Bláteigs, Brakanda, Fornhaga og Dagverðartungu.

Efnistökusvæði E-8. Svæðið tilheyrir jörðunum Skriðu, Dagverðartungu og Fornhaga. Það eru árfarvegir Ytri- og Syðri Tunguá, hvor um sig tæpur einn kílómetri ásamt malarkeilu þeirra og áætluð heildarefnistaka er 75.000 m³. Hér er um að ræða stóra ár-eða aurkeilu sem líklega inniheldur talsvert magn af efni. Áætlað er að taka efni úr áreyrum og bökkum ána beggja vegna auk árkeilunni. Ekki er að fullu ljóst hversu mikið af heppilegu efni er í árkeilunni og þar sem svæðið er á grannsvæði vatnbóla er efnistaka á þessu svæði vandasöm. Ekki er hægt að útiloka að jarðlög sem tilheyra keilunni nái inn undir vatnsbólasmvæðið og geti því haft áhrif á borholur. Samkvæmt mælingum er 77% botns Hörgár á þessu svæði mól eða smágrýti sem er hentugasta botngerð fyrir bleikjuseiði.

Árkeilurnar hafa stækkað mjög á umliðnum öldum og framburður Tunguánna hefur stýrt Hörgá til austurs. Vegagerðin áformar tilfærslu Hörgárdalsvegar á þessu svæði og þegar liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar þess efnis að veglagning og efnistaka úr farvegi Tunguánna vegna efnisþarfar vegarins sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Efnistaka á þessu svæði samræmist því vel áformum Vegagerðarinnar um tilfærslu vegarins. Aðkoma er í landi Skriðu, Dagverðartungu og Fornhaga á slóðum sem þegar eru til staðar.

Efnistökusvæði E-9. Svæðið tilheyrir jörðunum Skriðu, Lönguhlíð, Rauðalæk, Neðri-Vindheimum, Ási, Skógum og Steðja. Svæðið er í árfarvegi Hörgár frá Steðja að Melum, u.þ.b. 5,5 km ásamt um 400 m löngum kafla í Fossá. Áætlað er að heildarefnistakan nemi 400.000 m³ á svæði innan grannsvæðis vatnsverndar.

Samkvæmt mælingum er 70% botnsins í Fossá með hentugasta botngerð fyrir bleikjuseiði.

Á þessu svæði er mikið magn efnis og er það grófara en á öðrum svæðum við ána. Samkvæmt úttekt Náttúrufræðisstofnunar Íslands er hér um hentugt efnistökusvæði að ræða. Talið er að hér séu meira en milljón rúmmetrar af efni allt frá Skógum inn að brú við Mela.

Farvegaskipti eru ör og mikið bakkarof hefur verið á undanförunum árum, mesta hættan er á bakkarofi og skemmdum á túnnum Skóga, Skriðu og Lönguhlíðar. Reistir hafa verið grjótgarðar og hleðslur við tún sem ekki hafa dugað til.

Framburður árinna er mjög mikill á þessu svæði og farvegurinn orðinn mjög hár í landinu, hærri en landið í kring sem eykur líkur á landbroti. Alltaf er hætta á að áin flæði inn á ræktarlönd og erfitt getur reynst að halda framræslu túna ásættanlegri vegna hárrar grunnvatnsstöðu.

Búið er að verja við tún Lönguhlíðar og liggur áin nú austur að Hringvegi upp að Þjóðvegi. Að mati fulltrúa Vegagerðarinnar mun áin auðveldlega rjúfa veginn í flóði meðan farvegurinn er óbreyttur. Hér er því æskilegt að finna ánni meginleið vestar í farveginum til að draga úr hættu á landbroti.

Áætlað að taka efni úr áreyrum og farvegum og móta einn meginfarveg í gegnum svæðið, án þess þó að fella ána í stokk. Alltaf er gert ráð fyrir að halda ársléttunni óbreyttri þar sem áin þarf umtalsvert svigrúm í flóðum.

Fram kemur að þetta svæði er í senn mikilvægast til efnistöku og viðkvæmast fyrir efnistöku. Hér er mikilvægt að lækka árfarveginn með efnistöku og minnka álag við Hringveg með því að beina ánni fjær veginum. Mjög mikilvægt er að efnistakan hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsborð og þar með neysluvatn. Með því að lækka farveginn á þessu svæði má gera ráð fyrir að hægt sé að koma í veg fyrir bakkarof og flóð neðar í árfarveginum. Þá er þetta mikilvægt svæði með tilliti til vatnsverndar, þar sem spilliefni sem berast ofan í eyrarnar getur spillt vatni í vatnsbólum.

Hluti af efnistökusvæði E-9 felur í sér efnistöku úr Fossá, ofan við Hringveg. Fossáin hefur breitt úr sér á stuttu svæði, og markmiðið er að dýpka farveg árinna til að viðhalda farveginum vegna mikils framburðar. Mikilvægt er að taka efni ofan við Hringveg til að farvegur fyllist ekki af efni og valdi hættu á að áin valdi skaða á veginum. Aðkoman að E-9 er frá Hringvegi og á slóðum sem þegar eru til staðar og áreyrum. Þetta svæði er stærst og sýnilegast efnistökusvæðanna frá veginum.

Efnistökusvæði E-10. Svæðið tilheyrir jörðunum Neðstalandi og Skjaldarstöðum. Áætluð efnistaka nemur 55.000 m³. Þetta svæði er í árfarvegi Öxnadalsár sem er möl eða smágrýti sem er hentugasta botngerð fyrir bleikjuseiði. Þetta svæði er á fjarsvæði vatnsverndar. Mestur hluti eyranna á þessu svæði er þakinn þykkum jarðvegi og ekki er fyrirhugað að hrófla við þeim. Framburður í Öxnadalsá er ekki jafn mikill og í Hörgá og endurnýjun eyranna hæg.

Hér liggur farvegur árinna sumstaðar nánast upp við Hringveg og því er nauðsynlegt að viðhalda farvegi til að koma í veg fyrir fyrir að áin grafi undan veginum með tilheyrandi tilkostnaði og skemmdum á landi og mannvirkjum. Aðkoma er af Hringvegi á tengingum sem þegar eru til staðar.

Efnistökusvæði E-11. Svæðið er um 3 km langt og er í farvegi Öxnadalsár og tilheyrir jörðinni Efstalandi. Á þessu svæði er áætluð efnistaka 55.000 m³. Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar. Þetta svæði er mjög áþekkt svæði E-10 hvað varðar jarðfræði svæðisins og framburð. Hér verður sömuleiðis lögð áhersla á að taka efni til að viðhalda farveginum. Hér hafa miklar bakkavarnir verið reistar til að verja veginn. Líklegt að efni af þessu svæði nýtist helst í vegagerð eða fyllingar á svæðinu vegna fjarlægðar frá markaðssvæðinu. Aðkoma er á tengingum af Hringvegi.

Tengdar framkvæmdir. Í matsskýrslu kemur fram að engin varanleg mannvirki verði reist í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd. Meginreglan er sú að vegir og vegslóðar sem þegar séu til staðar verði notaðir vegna framkvæmdarinnar. Ef breyta þurfi vegslóðum eða tengingum með tilliti til öryggis á einhverjum svæðum verði breytingar unnar í samráði við Vegagerðina. Í mörgum tilvikum sé um að ræða tímabundnar lagfæringar á áreyrum, þar sem yfirborð þeirra verði sléttað til að auðvelda umferð um þær. Ummerki um þá slóða verði ekki varanleg. Efnisflutningar fari að mestu leyti um Hringveg. Þar sem áætluð efnistaka sé mis mikil sem og starfsemi, sé ekki unnt að segja til um hvar þörf verði á starfsmannaaðstöðu. Í hverri umsókn um framkvæmdaleyfi verði fjallað um þennan þátt fyrir hvert svæði. Færanlegur olíutankur muni verða staðsettur í nágrenni við efnistökusvæði þar sem framkvæmdir eigi sér stað í hvert sinn. Þær vélar sem notaðar verði við efnistöku verði

yfirfarnar reglulega. Allar viðgerðir og viðhald véla s.s. olíuskipti fari fram innandyra á verkstæðum.

Aðrir valkostir til að verjast rofi. Í matsskýrslu kemur fram að þar sem um sé að ræða varnaraðgerð til að verja landbúnaðarland og mannvirki þá séu aðrir mögulegir valkostir til að verja það.

Til að draga úr landbroti af völdum árinna séu fræðilega aðrir valkostir mögulegir. Hægt væri að vinna að endurheimt árinna með það að markmiði að láta hana ná að þróast á sinn náttúrulega hátt. Það sé þó ekki talið samrýmast markmiðum sameignarfélagsins og ekki séu slíkar aðgerðir taldar raunhæfar þar sem það hefði í för með sér mikið fjárhagslegt og samfélagslegt tjón þar sem land, vegir og mannvirki myndu skemmast eða eyðileggjast.

Grjótvarnir hafi gefið nokkuð góða raun en þær séu mjög kostnaðarsamar og ef ekki verði fjarlæggt efni úr farvegum megi gera ráð fyrir að þörfin fyrir grjótvarnir muni aukast mikið á næstu árum. Varnargarðar geti gert gagn við að beina ánni frá árbökkum en ef þeir séu ekki grjótvarðir megi gera ráð fyrir að þeir geti skolast burt í stórum flóðum.

3 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun gaf út árið 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu í leiðbeiningunum og einnig í kafla 7.1.2 í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun að mestu leyti vægiseinkunnir á sama hátt og gert er í fyrrnefndum leiðbeiningum.

4 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 ÁHRIF Á LANDNOTKUN

Samkvæmt matsskýrslu er stundaður hefðbundinn landbúnaður á aðliggjandi jörðum, tún eru ræktuð fram á árbakkann og framræstar mýrar fyrir úthagabeit eru í nágrenni ána á flestum svæðum.

Fram kemur að framkvæmdir muni auka svigrúm í árfarvegum sem dragi úr hættu á að vatn flæði yfir ræktað landbúnaðarland við árnar og minnki líkur á að bakkar brotni. Þá sé gert ráð fyrir að framkvæmdir stuðli að því að áin lækki í landinu og því verði minni hættu á að há vatnsstaða hamli för bænda um eigið land s.s. vegna áburðargjafar og við heyannir. Sú hættu sé þó til staðar að með framkvæmdum verði bakkarof á svæðum fjarri framkvæmdastað. Áhrif á samfélag og landnotkun séu talin talsverð jákvæð og varanleg.

Skipulagsstofnun telur að ef markmið framkvæmdirnar um að koma í veg fyrir nytjalönd bænda á svæðinu flæði, þá feli það í sér að áhrif á landnotkun verða nokkuð jákvæð.

4.2 ÁHRIF Á VEIÐI

Í matsskýrslu kemur fram að veiðisvæði Hörgár nái efst frá Nautá við Bakkasel í Öxnadal og Básfossi í Hörgárdal og niður að ósum Hörgár. Bleikja sé einkennistegund á veiðisvæðinu. Meðalveiði síðustu tíu ára séu 815 bleikjur og 181 urriði. Undanfarin tvö ár hafi heildarveiðin verið undir meðaltali en árið 2012 hafi veiðin verið talsvert yfir meðaltali.

Fram kemur að framkvæmdir geti haft áhrif á eðli og þróun vatnsfalla. Efnistaka í og við ár sé vandasöm og geti haft áhrif á lífríki í vatni. Botngerð ána geti breyst og búsvæði laxfiska geti þannig raskast og haft neikvæð áhrif á veiði. Að mati sérfræðinga Veiðimálastofnunar sé óraunhæft að meta áhrif verkefnisins á veiði og lífríki á þessu stigi og almennt geti stofnunin ekki mælt með slíkum verkefnum í ám. Hins vegar sé eðlilegt að stofnunin veiti ráðgjöf við heppilegustu útfærslu efnistöku á hverju framkvæmdasvæði fyrir sig, ef efnistaka á viðkomandi framkvæmdasvæði þyki nauðsynleg og framkvæmdaleyfi hefur verið veitt. Áhrif á veiði séu metin óviss en staðbundin og afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á veiði velti alfarið á því hvernig lífríki ána reiði af. Ef tekst að koma í veg fyrir að bú- og hrygningarsvæði ána spillist þá verði áhrif óveruleg en hætta sé á að inngrip í náttúrulegt ferli árnar hafi neikvæð áhrif en um það sé nokkur óvissa.

4.3 ÁHRIF Á NEYSLUVATN

Í matsskýrslu kemur fram að sjálf efnistakan sé ekki stærsti áhættuþátturinn varðandi vatnsvernd, heldur sú hætta sem fylgi efnistöku að mengandi efni s.s. olía og spilliefni komist út í eyrarnar og í árnar úr vélum sem notaðar séu við efnistöku.

Gruggmyndun við efnistöku í straumvatni getur haft áhrif á gæði vatns og lífríki. Að mati ÍSOR geti efnistaka úr eyrum Hörgár farið fram án þess að vatnsbólum á Vaglaeyrum stafi veruleg hætta af, að því gefnu að tilhlýðileg aðgát sé viðhöfð. Þá er að mati ÍSOR gagnlegt að farið verði í efnistöku á svæði E-8 þar sem það gæti dregið úr álagi á grjótvarnir við Hörgá sem gerðar hafa verið vegna vatnsbólanna.

Fram kemur að áhrif á vatn séu talin óbein og jákvæð að hluta en tímabundin og afturkræf. Vatnsvernd sé í forgangi og að teknu tilliti til mótvægisáðgerða séu áhrif framkvæmdar því metin óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er lögð áhersla á að fyrirbyggja eins og kostur er að olíuslys verði á vatnsverndarsvæðum og að viðkomandi verktakar eigi tiltæka neyðaráætlun til að bregðast við mengunarslysum. Jafnframt eigi verktakar náði samstarf við Norðurorku um virkjun viðbragðsáætlana ef og þegar mengunarslys eigi sér stað.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirlitinu og telur mjög áriðandi að ekki skapist hætta á því að vatnsbólin spillist ef olíuslys á sér stað þegar unnið er á verndarsvæðum þeirra. Hafa ber í huga að gott neysluvatn er mikilvæg undirstaða fyrir samfélagið, gildir þá einu hvort um sé að ræða neysluvatn fyrir heimili, sjúkrastofnanir eða þá miklu matvælaframleiðslu sem er á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að gangi það verklag og þær varúðarráðstafanir eftir sem Hörgá sf. boðar í matsskýrslu þá séu líkur til þess að efnistakan hafi óveruleg áhrif á neysluvatn.

4.4 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að alls séu 27 skráðar fornminjar að finna innan áhrifasvæðis framkvæmdar en engar séu innan framkvæmdasvæðis. Þessi fjöldi minja í nágrenni árinna endurspeglar mikilvægi vatnsfalla í búsetuþróun mannsins og sýnir menningarsögu svæðisins. Engar minjar muni raskast eða eyðileggjast vegna efnistökkunar, þvert á móti muni framkvæmdir draga úr hættu vegna landbrots og þar með hættu á að þær sex minjar sem teljast í hættu vegna flóða, raskist þar sem þær séu mjög nálægt núverandi árbakka. Ekki sé talin þörf á mótvægisáðgerðum vegna fornminja. Með hliðsjón af viðmiðum og að teknu tilliti til fyrirhugaðra viðbragða ef áður óþekktar minjar finnast, sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á fornminjar verði talsvert jákvæð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að gæta þurfi að því að haugsetningarsvæði, vegslóðar og starfsmannaðstaða raski ekki fornleifum í nágrenni ána. Hafa þurfi samráð við minjavörð Norðurlands eystra þegar nýir vegslóðar verði lagðir eða þegar velja á svæði fyrir haugsetningu eða starfsmannaðstöðu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands og telur nauðsynlegt að þó svo að þekktar fornleifar séu ekki í hættu vegna efnistökkunar þá sé brýnt að sýna sérstaka aðgát við haugsetningu efnis sem og staðsetningu tækja og búnaðar sem tilheyrir framkvæmdunum. Gangi það eftir og takist að koma í veg fyrir að rof Hörgár spilli minjum þá telur Skipulagsstofnun að framkvæmdirnar geti haft talsvert jákvæð áhrif á fornminjar.

4.5 ÁHRIF Á LÍFRÍKI HÖRGÁR

Í matsskýrslu kemur fram að bleikja sé ríkjandi tegund á vatnasvæði Hörgár þar sem árnar séu frekar kaldar og með lága framleiðni. Ákjósanlegustu hrygningarsvæði fyrir bleikjuna séu grófur sand- og malarbotn og þau finnast á lagnari og grynri svæðum en urriða- og laxaseiði sem einnig þurfi hærri leiðni til að þrífast vel.

Fram kemur að Veiðimálastofnun hafi metið botn Hörgár, Öxnadalsár og hliðarása árin 2008 og 2009. Það mat sé notað til að segja til um hversu gott svæðið sé til seiðauppeldis. Fiskgengi hluti Hörgár sé um 30 km og fiskgengi hluti Öxnadalsár sé 35 km. Vatnakerfið sé nokkuð víðfeðmt og fjölbreytilegt. Botngerð henti bleikjuseiðum víða mjög vel, einna best í Hörgánni neðan við ármót hennar og Öxnadalsár og niður að sjó.

Í matsskýrslu kemur fram að sérfræðingar Veiðimálastofnunar telji að forðast beri eftir fremsta megni að stunda efnistöku úr árfarvegum og áreyrum vegna óvissu um áhrif þess á lífríki og veiði og þess tíma sem taki fyrir ána að ná jafnvægi að nýju. Ef brýna nauðsyn beri til efnistöku og framkvæmdaleyfi fáist, sé æskilegt leita ráðgjafar fiskifræðinga um einstaka framkvæmd, áður en framkvæmdir hefjist m.t.t. heppilegustu útfærslu efnistökkunar til að lágmarka neikvæð áhrif. Á síðustu þremur árum hafi mest veiðst af bleikju á veiðisvæðum neðan við áætlaðar framkvæmdir og á veiðisvæðum sem séu á efnistökusvæði E-4 að hluta, E-6, E-8, og E-9 auk svæða í Öxnadalsá E-10 og E-11. Mesta urriðaveiðin hafi verið á veiðisvæðum sem séu á efnistökusvæðum E-2, E-4, E-6 og E-7. Á öllum efnistökusvæðum séu því ágæt veiðisvæði.

Fram kemur að áhrif vegna efnistöku geti komið fram fjarri framkvæmdastað, upp og niður ána. Bein áhrif komi fram strax á þeim stað þar sem efni sé fjarlægt en óbein áhrif geti komið fram síðar á öðrum svæðum í ánni. Efnistöku úr árbotni valdi því að botninn breytist með gryfjum eða skurðum í farvegi. Straumhraði minnki á efnistökusvæðinu sjálfu, frumframleiðsla minnki og skjól tapist. Tilhneiging vatnsfalla að ná aftur jafnvægi valdi því að

botnskrið árinna og halli farvegarins aukist ofan við efnistökusvæðið. Botn árinna fyrir ofan vinnslusvæðið lækki þar sem straumhraði aukist vegna breytingar á halla og efnið ofan við svæðið skolist ofan í gryfjurnar. Botnrof eigi sér stað bæði ofan og neðan við efnistökusvæðið. Því dýpri sem holan sé því meiri líkur séu á að farvegabreytingar muni ná langt upp ána auk þess sem áhrifa geti gætt upp hliðarar. Breytingar á botngerð hafi því áhrif á lífríki ofan við efnistökusvæðið. Neðan við efnistökusvæðið aukist straumpungi þar sem minna efni sé til að hægja á straumnum og venjulega séu þetta þau svæði sem helst verði fyrir bakkarofi. Óstöðugleiki í vatnsföllum sem verði af völdum efnistöku geti valdið farvegabreytingum og aukið líkur á bakkarofi neðar í ánni.

Þá kemur fram að efnistaka raski jafnvægi í aurburði sem minnki stöðugleika í ánni og dragi úr virkni lífríkisins t.d. vegna gruggmyndunar. Ef áreyrar séu fjarlægðar geti það skert búsvæði fyrir laxfiska og raskað hrygningarsvæðum. Valdi efnistaka auknu bakkarofi tapist búsvæði tegunda á og við árbakka. Þar sem nær öll svæði í Hörgá hafi heppilega botngerð fyrir bleikjuseiði geti efnistaka á flestum svæðum haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Gert sé ráð fyrir að einhver bleikjuseiði fari forgörðum við efnistöku, en ekki sé unnt að áætla fórnarkostnaðinn nákvæmlega. Með skipulagningu framkvæmda og tilfærslu farvega tímabundið meðan á efnistöku standi, sé gert ráð fyrir að dregið verði úr neikvæðum áhrifum. Gert sé ráð fyrir að í umsókn um hvert framkvæmdaleyfi verði nánar fjallað um þær mótvægisáðgerðir sem þörf sé á hverju sinni. Helstu mótvægisáðgerðir og ráðstafanir sem notaðar verði til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar séu:

- Ekki er unnið að efnistöku á tímabilinu 1. maí – 30. september.
- Ekki er áætluð efnistaka á tveimur af þeim þremur svæðum sem mestur þéttleiki seiða mældist við rafveiðar 2008.
- Ekki er áætlað að grafa djúpar gryfjur í árfarveg sem veldur auknu botnskriði og farvegabreytingum.
- Breytingar á farvegum, þ.m.t. vegna breytinga á halla í farveginum eru metnar á hverju ári.
- Mest er áætlað að fjarlægja af efni ofan af áreyrum og árkeilum sem standa á þurru megin hluta árs.
- Árlega er áætlað að taka efni sem dugar til þess að tryggja nægjanlegt pláss í flóðum.
- Farvegum verður breytt tímabundið meðan efnistaka fer fram.
- Efnistaka fer fram á fáum afmörkuðum svæðum í einu og því eru áhrifin staðbundin að hluta.

Fram kemur að áhrif á lífríki í vatni séu talin bein og neikvæð en afturkræf og tímabundin. Áhrifin séu staðbundin að hluta en gangi ekki gegn stefnumörkun stjórnvalda um að heimilt sé að breyta vatnsfarvegi að fengnu leyfi Fiskistofu, sé þess þörf til að verja land. Hins vegar beri að forðast efnistöku í ám. Óbein áhrif geti verið á lífríki og farvegi fjarri framkvæmdastað og séu þau metin neikvæð en tímabundin og afturkræf. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða sem mildi áhrif framkvæmdarinnar og þess að þeim svæðum þar sem þéttleiki seiða mældist mestur verði ekki raskað séu áhrif framkvæmdar á lífríki í vatni metin nokkuð neikvæð.

Í umsögn Fiskistofu er talið jákvætt að landeigendur að fyrirhuguðu efnistökusvæði hafi sameinast um efnistöku. Það eigi að bæta skipulag við malartekjuna og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif hennar. Afar mikilvægt sé að hafa samráð við Veiðimálastofnun um tilhögun og afmörkun efnistökkunnar þegar sótt verði um framkvæmdaleyfi.

Skipulagsstofnun telur að það sé nokkur munur á því hvort reynt sé að staðsetja og færa farvegi með mannaflí eða hvort það gerist eingöngu í náttúrulegum flóðum í ánni. Engu að síður er ljóst að Hörgá mun að einhverju leyti fara sínu fram þó svo að reynt verði að hafa áhrif á það með efnistöku hvar farvegir hennar liggja. Eins og bent hefur verið á í matsskýrslu þá hefur efnistaka í og við farvegi áhrif langt út fyrir það svæði sem efni er tekið. Þó svo að efnistaka fari fram utan veiðitíma þá er það ekki trygging fyrir því að svæði til hrygningar og fæðuöflunar verði jafn gæfuleg og áður. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdanna á lífríki Hörgár sé háð óvissu. Skipulagsstofnun telur að til að lífríki árinna verði fyrir sem minnstum skaða þá verði að eiga gott samráð sig við fiskifræðinga um boðað árlegt mat á tilhögun og áfangaskiptingu líkt og Veiðimálastofnun benti á og vitnað er til í matsskýrslu.

4.6 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að þegar efni sé fjarlæggt úr áreyrum og botni vatnsfalla, þá leiti vatnsföll eftir nýju jafnvægi með auknum rofmætti. Framburður áa sé misjafn eftir eðli og uppruna framburðar og sé þar að auki misjafn eftir árum. Hörgáreyrar hafi byggst upp með framburði árinna öldum saman eða frá því ísa leysti í Hörgárdal snemma á nútíma fyrir um 9-10 þúsund árum. Framburði Hörgár í neðri hluta dalsins megi skipta í tvennt; í sandsvæði frá ósum að Hörgárbrú á Ólafsfjarðarvegi (svæði E-2) og í malarsvæði sem náir frá hjöllum við Djúpárþakka og inn undir brúna við Mela (svæði E-4 – E-9). Jarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu teljist ekki til sérstæðra fyrirbæra auk þess sem svæðinu sé nú þegar raskað þar sem þrengt hafi verið að ánni með mannvirkjagerð og ræktun í gegnum árin. Efni sem fjarlæggt sé úr jarðmyndunum valdi beinum áhrifum á kerfi vatnsfallsins. Framburður Hörgár á hverju ári sé mikill og því geti hófleg og skynsamleg efnistaka úr ánum talist sjálfbær, þar sem talið sé ásættanlegt að stunda hóflega efnistöku til stjórnunar vatnsfalla. Með góðri stjórnun efnistöku úr ánum sé unnt að draga úr bakkarofi og koma þannig í veg fyrir að frekara land brotni og skolist niður ána sem framburður.

Fram kemur að áhrif á jarðmyndanir séu talin bein og neikvæð en jákvæð að hluta og afturkræf þar sem með verkefninu sé áætlað að koma í veg fyrir að jarðmyndanir tapist. Áhrifin séu staðbundin og gangi ekki gegn stefnumörkun stjórnvalda. Verndargildið teljist lítið þar sem ekki fari forgörðum jarðmyndanir sem þyki sérstæðar eða einstakar á landsvísu. Áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir séu því metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur augljóst að þær jarðmyndanir sem verða fjarlægðar verði fyrir beinum neikvæðum áhrifum. Þær jarðmyndanir sem verði teknar séu í raun í mótun þar sem efni verði tekið úr eyrum og botni Hörgár en efnistakan felist í því að grípa inn í það ferli og taka úr jarðmyndun sem er í mótun. Gangi þau áform eftir, að takast megi að hemja Hörgá og koma í veg fyrir að hún brjóti úr bökkum beggja vegna árinna, þá er líklegt að það takist að verja jarðmyndanir sem mynduðust í lok ísaldar. Að því leyti kunna framkvæmdirnar að hafa nokkuð jákvæð áhrif í för með sér.

4.7 SAMLEGÐARÁHRIF MEÐ ANNARRI EFNISTÖKU

Í athugasemd Gauta Hallssonar f. h. Hæðargarðs ehf. kemur fram að eigendur Krossastaða hyggi á efnistöku úr áreyrum og farvegi Hörgár á næstu tuttugu árum að undangengnu umhverfismati. En áætlað malarnám þeirra úr ánni sjálfri og áreyrum hennar vegna stjórnunar á árfarvegi sé áætlað 40-50.000 m³ á fyrstu 2-3 árunum, síðan 7-15.000 m³ á ári eftir það til viðhalds, alls um 200.000 m³ á næstu 20 árum.

Í matsskýrslu kemur fram að jörðin Krossastaðir tilheyri efnistökusvæði E-6. Markmið með stofnun Hörgár sf. hafi verið að gera sameiginlega áætlun um efnistöku úr ánni og umhverfismat til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Allir landeigendur séu gjaldgengir í félagið, og hafi stofnun þess verið auglýst opinberlega. Á svæði E-6 sé gert ráð fyrir heildarefnistöku upp á 85.000 m³ á næstu 20 árum á vegum Hörgár sf. Svæði E-6 teljist heppilegt til efnistöku og þörf sé á að stýra farvegi árinna vegna mjög mikils bakkarofs og vatnsaga á grónu landi vegna hárrar vatnsstöðu, en ekki standi til að taka efni úr landi Krossastaða.

Skipulagsstofnun telur að ef áform eigenda Krossastaða um allt að 200.000 m³ viðbótarefnistöku gangi eftir hafi það áhrif á áform Hörgár sf. um heildarstjórnun á efnistöku og rofvrörnum og umhverfisáhrif verði meiri en nú er gengið út frá. Það sem er jákvætt við áform Hörgár sf. er að landeigendur hafi sameinast um að vinna sameiginlega að rofvrörnum og efnistöku. Slíkt er mikilvægt til að hafa yfirsýn yfir svæðið í heild sinni ekki síst í ljósi þess að efnistaka úr árfarvegum kann að hafa áhrif langt út fyrir einstaka stað þar sem efni er tekið. Efnistaka Hörgár sf. samræmist drögum að Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 til 2024 bæði hvað varðar magn og staðsetningu efnistökusvæða.

4.8 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna allt að 795.000 m³ efnistöku Hörgár sf. í Hörgársveit á næstu 20 árum bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Nýtt aðalskipulag Hörgársveitar er í vinnslu en í drögum er gert ráð fyrir heildstæðri efnistöku í samræmi við það sem lýst er í matsskýrslu.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi eru gefin út þarf Hörgár sf. að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu framkvæmdaraðila sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Umís ehf. Environice f.h. Hörgár sf. hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að ef markmið framkvæmdirnar um að koma í veg fyrir nytjalönd bænda á svæðinu flæði, þá verði áhrif framkvæmdanna á landnotkun nokkuð jákvæð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á veiði velti alfarið á því hvernig lífríki ána reiði af. Ef tekst að koma í veg fyrir að bú- og hrygningarsvæði ána spillist þá verði áhrif óveruleg en hættu sé á að inngríp í náttúrulegt ferli árinna hafi neikvæð áhrif en um það sé nokkur óvissa.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og telur mjög áriðandi að ekki skapist hættu á því að vatnsbólur spillist ef olíuslys á sér stað þegar unnið er á verndarsvæðum þeirra. Hafa ber í huga að gott neysluvatn er mikilvæg undirstaða fyrir samfélagið, gildir þá einu hvort um sé að ræða neysluvatn fyrir heimili, sjúkrastofnanir eða þá miklu matvælaframleiðslu sem er á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að gangi það verklag og þær varúðarráðstafanir eftir sem Hörgá sf. boðar í matsskýrslu þá séu líkur til þess að efnistakan hafi óveruleg áhrif á neysluvatn.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands og telur nauðsynlegt að þó svo að þekktar fornleifar séu ekki í hættu vegna efnistöku þá sé brýnt að sýna sérstaka aðgát við haugsetningu efnis sem og staðsetningu tækja og búnaðar sem tilheyrir framkvæmdunum. Gangi það eftir og takist að koma í veg fyrir að rof Hörgár spilli minjum þá telur Skipulagsstofnun að framkvæmdirnar geti haft talsvert jákvæð áhrif á fornminjar.

Skipulagsstofnun telur að það sé nokkur munur á því hvort reynt sé að staðsetja og færa farvegi með mannaflí eða hvort það gerist eingöngu í náttúrulegum flóðum í ánni. Engu að síður er ljóst að Hörgá mun að einhverju leyti fara sínu fram þó svo að reynt verði að hafa áhrif á það með efnistöku hvar farvegir hennar liggja. Eins og bent hefur verið á í matsskýrslu þá hefur efnistaka í og við farvegi áhrif langt út fyrir það svæði sem efni er tekið. Þó svo að efnistaka fari fram utan veiðitíma þá er það engin trygging fyrir því að svæði til hrygningar og fæðuöflunar verði jafn gæfuleg og áður. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdanna á lífríki Hörgár sé háð óvissu. Skipulagsstofnun telur að til að lífríki árinna verði fyrir sem minnstum skaða þá sé nauðsynlegt að ráðfæra sig við fiskifræðinga um tilhögun og áfangaskiptingu líkt og Veiðimálastofnun benti á og vitnað er til í matsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur augljóst að þær jarðmyndanir sem verða fjarlægðar verði fyrir beinum neikvæðum áhrifum. Þær jarðmyndanir sem verði teknar séu í raun í mótun þar sem efni verði tekið úr eyrum og botni Hörgár en efnistakan felist í því að grípa inn í það ferli og taka úr jarðmyndun sem er í mótun. Gangi þau áform eftir, að takast megi að hemja Hörgá og koma í veg fyrir að hún brjóti úr bökkum beggja vegna árinna, þá er líklegt að það takist að verja jarðmyndanir sem mynduðust í lok ísaldar. Að því leyti kunna framkvæmdirnar að hafa nokkuð jákvæð áhrif í för með sér.

Skipulagsstofnun telur að ef áform eigenda Krossastaða um allt að 200.000 m³ viðbótarefnistöku gangi eftir hafi það áhrif á áform Hörgár sf. um heildarstjórnun á efnistöku og rofvörnum og umhverfisáhrif verði meiri en nú er gengið út frá. Það sem er jákvætt við áform Hörgár sf. er að landeigendur hafi sameinast um að vinna sameiginlega að rofvörnum og efnistöku. Slíkt er mikilvægt til að hafa yfirsýn yfir svæðið í heild sinni ekki síst í ljósi þess að efnistaka úr árfarvegum kann að hafa áhrif langt út fyrir einstaka stað þar sem efni er tekið.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í aðalskipulagi Hörgársveitar verði tekið á efnistöku í Hörgá með heildstæðum hætti og það notað til að leggja línurnar um skipulag efnistöku í og

við ána. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að verði breytingar á staðsetningu efnistökusvæða, magni sem á að fjarlægja á hverju svæði eða tímaáætlunum þarf að tilkynna um slíkar breytingar til Skipulagsstofnunar og kanna hvort þær kalli á sérstaka málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 4. júní 2015.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulagsstofnun